

## **24. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 28. janúar 2013 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.**

Fundinn sátu: Þorleifur Jóhannesson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinsson, Þröstur Jónsson, Páll Jóhannsson, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### **1. Umsókn um aukið heitt vatn í gróðurhús í Götu.**

Hannibal fór yfir umsókn Reynis Jónssonar um aukið heitt vatn í gróðurhús í Götu. Fram kemur í umsókninni að óskað er eftir að auka magnið um 4 sek/l en í dag hefur stöðin 2 sek/l til afnota. Lögð er fram kostnaðaráætlun frá Verkfræðistofu Suðurlands ef farið væri í verkið. Veitustjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að fela og veitustjóra og sveitarstjóra að ræða við umsækjanda um framkvæmdina. Þröstur vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

### **2. Vatnstankur í Auðsholti.**

Hannibal fór yfir ástand steypis vatnstanks sem notaður er fyrir miðlun á köldu vatni í Auðsholtshverfið. Ljóst er að það þarf að þetta tankinn, bæta frágang og æskilegt að koma fyrir búnaði til að mæla vatnsmagn o.fl. Þá er lögð fram kostnaðaráætlun frá Berki Brynjarssyni hjá Tæknisviði Uppsveita og Flóa vegna framkvæmda. Veitustjórn samþykkir að gera samning við landeigendur um lóð í kringum tankinn og stefna síðan að því að fara í nauðsynlegar viðgerðir á tanknum ásamt að koma upp viðeigandi tæknibúnaði.

### **3. Tilboð í dælur fyrir heitt vatn í dælustöðina á Flúðum.**

Hannibal fór yfir endurnýjað tilboð í tvær dælur fyrir dælustöðina á Flúðum frá Ísleifi Jónssyni ehf. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra að leita eftir frekari tilboðum í dælurnar og skoða tímasetningar varðandi kaup á þeim.

### **4. Vinnureglur um styrkveitingar fyrir Hitaveitu Flúða.**

Lögð eru fram drög að vinnureglum um styrkveitingar til samfélagslegra verkefna hjá Hitaveitu Flúða. Veitustjórn samþykkir vinnureglurnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

### **5. Önnur mál.**

Hannibal fór yfir tölvupóst frá Kristjáni Þór Gunnarsyni þar sem hann óskar eftir því að fá upplýsingar um áætlaðan kostnað við að fá heitt og kalt vatn í 6 sumarhúsalóðir sem búið er að skipuleggja í landi sem hann keypti af Hrunamannahreppi og liggur upp að Bræðratunguvegi við Flúði. Þá óskar hann eftir upplýsingum um mögulegar tímasetningar o.fl. sem myndi þurfa að skoða í tengslum við verkið. Fyrir liggur eldri kostnaðaráætlun vegna verksins sem hefur verið skoðað í tengslum við aðra sumarhúsabyggð við Bræðaratungueg. Veitustjórn felur veitustjóra að svara erindinu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.